

Mál nr. 115/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Bótafjárhæð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, 10. júní 2022.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tilkynnt hafi verið um vatnstjón í húseign M hinn 17. janúar 2021. Ekki var vitað nákvæmlega hvenær tjónið byrjaði, en tilkynning bendir til þess að lekið hafi frá ofni á einum stað. Upplýst er að enginn hafi verið í húseigninni frá 17. desember 2020 til 16. janúar 2021. Tjón var tekið út af hálfu matsmanns sem kom á staðinn og greiddar bætur að tiltekinni fjárhæð vegna tjónsins, sbr. tölvupóst dags. 16. apríl 2021 frá V til M. Í þeim tölvupósti er vísað til þess af hálfu V að skjóta megi afstöðu félagsins til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

M er ósáttur við afgreiðslu V og telur tjón á húseign sinni meira en sem nemur því mati sem V hefur greitt bætur vegna. M vísar til þess að matsmaður hafi fundið frekari skemmdir á húseigninni eftir skoðun og mygla hafi fundist í vegg beint undir lekanum sem og í lofti í eldhúsi. M bendir á að um hafi verið að ræða leka á heitu vatni og sá tími sem leikinn hafi mögulega verið í húseigninni hafi haft í för með sér miklu mun meira tjón en V hafi gert ráð fyrir, um sé að ræða timburhús og vatn hafi brotið sér leið í gegnum loftaklæðningu vegna vatnspunga sem og millivegg og útveggi að hluta og vísar M til ljósmynda máli sínu til stuðnings. Einnig gagnrýnir M að hann hafi ekki haft aðgang að öllum málsskjölum V. M lýsir tjóni sínu í því að ekki sé hægt að dvelja í húsinu í lengri tíma auk þess sem þurfi að gera við, flytja húsgögn og henda rusli vegna heildartjónsins. Með málskoti M fylgja ítarlegar lýsingar á núverandi ástandi húseignar hans og hvar hann telur vatnstjónið í desember 2020 eða janúar 2021 hafa haft afleiðingar. Ekki er þörf á að rekja þær lýsingar frekar.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur og telur ágreining við M snúast um bótafjárhæðir. Í ljósi þess að tjónsatvik hafi átt sér stað í tíð eldri samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 verði samþykki allra aðila málsins að liggja fyrir sbr. 3. gr. þeirra samþykktu, til þess að nefndin geti fjallað um bótafjárhæðir. V er ekki tilbúið til að veita slíkt samþykki og telur að eigi að vísa málinu frá úrskurðarnefnd af þeim sökum. Einnig bendir V á að M hafi ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að þurrka húseign sína eftir að tjón varð og þannig hafi mögulega orðið frekara tjón sem félagið beri ekki ábyrgð á. Að auki vísar V til þess að þegar félagið hafi tekið eignina út við töku fasteignatryggingar hafi verið ummerki um eldra vatnstjón og M gerð grein fyrir því að slíkt fengist ekki bætt úr nýrri tryggingu.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að ágreiningur milli M og V snýr að greiðslu bóta vegna vatnstjóns í húseign hans, fyrst og fremst lýtur sá ágreiningur að fjárhæð bóta.

Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. nügildandi samþykktu fyrir nefndina, án samþykkis váttryggingafélags, ef fjárhæð ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Það má ætla að sú fjárhæð sem þarf til að bæta tjón M sé innan þeirra marka. Af gögnum sem M hefur lagt fram verður ekki annað séð en að mögulega telji hann að fjárhæð tjóns sé yfir fimm milljónir króna

Áður gerði 3. gr. eldri samþykktu fyrir nefndina ráð fyrir því að allir aðilar þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um ágreining um bótafjárhæðir.

Hér þarf að taka afstöðu til þess hvort nýjar samþykktir fyrir nefndina gera ráð fyrir því að M sem neytandi geti lagt ágreining um bótafjárhæð fyrir nefndina skv. áður nefndri 3. mgr. 3. gr. þeirra. Í 22. gr. sömu samþykktu segir: „Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2022. Þær gilda um ágreiningsmál sem varða fjárhæðir vegna váttryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar,

sbr. nánari tilgreiningu um starfssvið nefndarinnar og fjárhæðamörk í 3. gr.“ Þetta ákvæði í samþykktunum er skýrt og váttryggingaratburður sá sem leiddi til ágreinings M og V átti sér stað í desember 2020 eða í janúar 2021. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nær ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim váttryggingaratburði tengist.

Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykktu. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir, sbr. bréf V til nefndarinnar, dags. 27. maí 2022.

Verður að gera athugasemd við það hvernig V upplýsti M um möguleika hans til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd í tölvupósti starfsmanns félagsins dags. 16. apríl 2021 í ljósi þess að félagið hafði þá augljóslega ekki tekið ákvörðun um að samþykkja að slíkur ágreiningur færi fyrir nefndina. Tilvísun til nefndarinnar var því í þeim tölvupósti haldlaus og villandi fyrir M. Verður þó ekki litið svo á að sú tilvísun víki til hliðar eindreginni afstöðu V um að nefndin geti ekki fjallað um bótafjárhæðir í þessu máli, sbr. áður nefnt bréf dags. 27. maí 2022.

Að þessu sögðu verður að vísa máli M frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, á grundvelli b.liðar 4. gr. núgildandi samþykktu fyrir nefndina, þar sem ekki liggur fyrir samþykki V um að fjallað sé um ágreining um bótafjárhæðir vegna váttryggingaratburðar 4. október 2021. Nefndin getur ekki vikið til hliðar ákvæðum í samþykktum sínum og ekki eru efni til að túlka ákvæði 22. gr. samþykktanna öðruvísi þrátt fyrir misvísandi tilvísun V í tölvupóstsamskiptum sínum við M.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir